

Alþingi

Erindi nr. B 120/1494

komudagur 17/4 1996

Þór Jónsson fréttamaður  
Krókamýri 78  
210 Garðabæ

Allsherjarnefnd Alþingis  
Sólveig Pétursdóttir formaður

Garðabæ, 15. apríl 1996

## HUGRENNINGAR EFTIR FUND 9. APRÍL 1996 UM UPPLÝSINGALÖG

Ágæti formaður.

Um leið og ég þakka fyrir ágætan fund Allsherjarnefndar og fulltrúa Bláðamannafélags Íslands um frumvarpið til upplýsingalaga hinn 9. apríl sl. leyfi ég mér að benda á fáein atriði, sem ég tel að eigi heima í umræðunni, til viðbótar greinargerðinni sem skilað var á nefndum fundi.

Einn megintilgangur upplýsingalaga er að tryggja rétt almennings til gagna og upplýsinga í stjórnsýslunni og koma í veg fyrir að starfsmenn hennar banni aðgang að þeim að óathuguðu máli. Samkvæmt fyrirliggjandi frumvarpi á ekki að vera heimilt að takmarka aðgang að gögnum stjórnsýslunnar nema slík ákvörðun hafi stöð í lögum. Þess vegna hlýtur að þurfa að gera þá kröfu til stjórnvalds að það synji ekki beiðni um aðgang að gögnum án þess að finna því stöð í lögum og geti rökstutt ákvörðun sína þegar hún er tekin. Af því leiðir að stjórnvald á að geta rökstutt synjun sína skriflega þegar í stað og vísað í viðeigandi ákvæði í lögum ákvörðun sinni til stuðnings.

Í Svíþjóð er framkvæmdin með þessum hætti:

Ef umbeiðð gagn verður ekki afhent, á stjórnvaldið í ákvörðun sinni að gefa upp ástæðuna fyrir því að það afhendir ekki gagnið. Falli gagnið til dæmis ekki undir gildissvið upplýsingalaganna nægir að nefna það, en sé einhverjum takmörkunum beitt skulu þær tilgreindar og vísað í viðeigandi lagaákvæði. Rökstuðningnum ber að skila skriflegum þegar í stað, sé þess óskað, ásamt leiðbeiningum um hvert skjóta megi málinu til úrlausnar, sé ágreiningur um niðurstöðuna.

Í lögum um leynd gagna og upplýsinga í Svíþjóð (Sekretesslagen 15:6) segir að sá, sem hefur gögnin í vörslu sinni, eigi fyrstur að taka ákvörðun um hvort þau megi afhenda, þegar þess er óskað. Neiti hann að láta þau af hendi, að öllu eða einhverju leyti, á hann að benda aðila á að hann eigi rétt á að láta viðkomandi stjórnvald staðfesta eða hnekkja ákvörðuninni. Allt á þetta samkvæmt sænskum lögum að gerast "þegar í stað eða svo fljótt

sem verða má" nema "verulegar hindranir" standi í veginum; það þýðir venjulega samdægurs eða daginn eftir. Það er ekki fyrr en synjun stjórnvalds liggur fyrir sem málskot til æðra dóms er heimilt (venjulega til dómstóla, en einnig umboðsmanns Alþingis, lagakanslara og ríkisstjórnar). (Lillieroth; Sekretess, AB Otto Bruun 1988).

Ég tel að eitt af markmiðunum með frumvarpinu til upplýsingalaga hér á landi sé að koma í veg fyrir handahófskennda afgreiðslu slíkra mála sem frumvarpið tekur til, en fram að þessu hefur almenningur átt það undir geðþóttu einstakra embættismanna hvort hann fær að sjá eða afrita ýmis gögn í stjórnslunni og samræmi hefur lítið verið. Segi hins vegar í lögum að stjórnvaldi sé skylt að rökstyðja synjun skriflega, - að minnsta kosti ef þess er óskað -, og að það sé gert undir eins og synjun er tilkynnt aðila, er girt fyrir ógrundaðar og handahófskenndar ákvarðanir um þetta efni.

ATH! Í greinargerð Bláamannafélagsins er villa í athugasemdum um 13. grein þar sem segir: "Eins og frumvarpið er úr garði gert ..." Rétt er setningin svona: "Eins og frumvarpið er úr garði gert virðist sem úrskurðarnefndin eigi að kalla eftir rökstuðningi fyrir synjun stjórnvaldsins, ekki sá sem það um gögnin." Þetta er óeðlilegt. Stjórnvald hlýtur að bera þessa skyldu gagnvart þeim, sem til þess leitar um gögn og upplýsingar.

Ekki sé ég nein lögfræðileg klækjabrögð í þeirri ábendingu BÍ að mest geti liðið 28 dagar áður en rökstuðningur er veittur skv. stjórnslulögum og þá séu aðeins eftir 2 dagar af 30 daga málskotsfresti til úrskurðarnefndarinnar skv. frv. til upplýsingalaga. Ég er ekki þeirrar skoðunar að málskotsfrestinn beri að lengja, tel eingöngu um að ræða sterk rök fyrir því að ákvörðun stjórnvalds um synjun beiðni um gögn skv. upplýsingalögum beri að rökstyðja um leið og hún er tekin og tilkynnt aðila.

Upplýsingalögin eru fyrir almenning og verða að vera sniðin fyrir hann, ekki þá sem ætla að gerast útlærðir í lögum. Ber því alls ekki að stytta 14 daga frestinn sem almenningur hefur til að krefjast rökstuðningsins skv. stjórnslulögum, heldur gera þá kröfu til stjórnvalda að þau rökstyðji synjun sína og vísi í lög, sem eru þeirri ákvörðun til grundvallar, þegar í stað. Meraurinn málsins er sá, að stjórnvöld eiga ekki að taka órökstuddar ákvarðanir.

Verði slík framkvæmd, sem hér er lögð til, sett í upplýsingalögin, sem og komið betur í veg fyrir að dráttur verði á afgreiðslu beiðna um gögn úr stjórnslunni en gert er í frumvarpinu, mun það tryggja vel tilgang laganna og gefa þeim aukið vægi; að mínu viti nauðsynlegt forgangsgildi, svo að slíkar beiðnir verði ekki láttnar mæta afgangi í stjórnslunni heldur fái skjóta en ígrundaða meðferð.

Virðingarfyllt,



Þór Jónsson  
fréttamaður